



Dvalartími barns í leikskóla frá kl. _____ til kl. _____

Leikskóladvöl hefst _____ Leikskóladvöl lýkur _____

Nafn barns		kennitala
Lögheimili		sími
Forráðamaður 1	Kennitala	netfang
Vinnustaður	Vinnusími	Gsm sími
Forráðamaður2	Kennitala	netfang
Vinnustaður	vinnusími	Gsm sími
<input type="checkbox"/> Gift/ í sambúð <input type="checkbox"/> Námsmaður/menn <input type="checkbox"/> Einstæð/ur	Nafn og símanúmer næsta aðstandenda ef ekki næst í foreldra _____	
Heilsugæsla/heimilislæknir		
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða		

Leikskólar Ísafjarðarbæjar starfa eftir lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla.

Mikilvægt er að barnið mæti vel og stundvíslega í leikskólann. Óski foreldrar eftir breytingu á dvalartíma barnsins, sækja þeir um hana skriflega hjá leikskólastjóra.

Mikilvægt er að foreldrar virði dvalartíma barnsins. Ávallt skal láta vita um komu barnsins í leikskólann og brottför þess. Foreldrar eru beðnir að láta vita ef einhver ókunnugur sækir eða kemur með barnið í leikskólann, en viðkomandi þarf að vera a.m.k. 11 ára. Foreldrar eru beðnir að tilkynna ef barnið er fjarverandi t.d. vegna veikinda.

Leikskólagjöld eru innheimt með greiðsluseðli eða boðgreiðslum. Greitt er fyrirfram og er eindagi 20. hvers mánaðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga leggjast á dráttavextir frá og með gjalddaga, sem telst vera dagsetning greiðsluseðils. Skuldi foreldrar 3 mánuði er barninu sagt upp leikskóladvölinni og þá er skuldin komin í innheimtu hjá innheimtufyrirtæki.

Gagnkvæmur uppsagnafrestur er 1 mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Uppsagnarmánuðurinn er aldrei gjaldfrír mánuður. Leikskólastjóri gefur upplýsingar um gjaldskrá. Dvalargjaldið skerðist ekki þrátt fyrir frídaga eða fjarveru barns og tekið er fullt gjald frá 1. degi í aðlögun. Heimilt er að segja upp plássi barns, ef nýting fer niður fyrir 60%, tvo mánuði í röð, án þess að gildar ástæður séu fyrir því, s.s. veikindi eða tímabundin umsamin fjarvera. Ef barn er fjarverandi vegna veikinda samfelld í tvær vikur eða lengur er hægt að óska eftir að fæðisgjaldið verði fellt niður. Ef um langvarandi samfelld veikindi er að ræða er hægt að sækja um niðurfellingu á vistgjaldi.

Einstæðir foreldrar og báðir foreldrar sem eru í fullu námi greiða lægra mánaðargjald, en þurfa að framvísa vottorði um skólagöngu. Á skólavottorði þarf að koma fram að viðkomandi sé í fullu dagnámi. Lækkun á gjaldi kemur til framkvæmda 1. dag næsta mánaðar eftir framvísun vottorðs. Foreldrum er skylt að tilkynna leikskóla um breytingar á högum sínum, svo sem breytt heimilisfang, símanúmer, breytta hjúskaparstöðu og er þeir hafa hætt námi.

Skipulags- og námsdagar starfsfólks leikskólans eru 4 á ári. Þá undirbýr starfsfólk uppeldisstarfið. Leikskólinn er þá lokaður; en þessir dagar eru auglýstir með að minnsta kosti mánaðar fyrirvara. Leikskólar Ísafjarðarbæjar hafa til ráðstöfunar 20 klst. á ári til starfsfunda á opnunartíma leikskólanna og er leikskólinn lokaður á fundartíma.

Slysatrygging: leikskólabörn eru tryggð á meðan á leikskóladvöl þeirra stendur einnig á leið í eða úr leikskóla. Einnig gildir tryggingin á ferðum á vegum leikskólans. **Ekki** er verið að tryggja muni barnanna s.s. föt og gleraugu.

Leikskólar Ísafjarðarbæjar loka 2- 5 vikur á hverju sumri. Nánar auglýst í hverjum skóla fyrir sig. **Hvert barn þarf að taka 4 vikur samfelt í sumarleyfi.**

Starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu samkvæmt siðareglum kennara og lögum og reglugerðum er fjalla um umönnun barna.

Til þess að hægt sé að fylgjast með þroska og framförum barns fylla leikskólakennarar út þroskalýsingu á barninu reglulega. Farið er yfir þessar lýsingar í foreldrasamtölum. Allar upplýsingar sem safnast saman um barnið er farið með sem trúnaðarmál. **Þegar barnið fer í grunnskóla færast þær upplýsingar sem þurfa þykir, á milli skólastiga.**

EFI-2 er málþroskapróf sem er fyrir börn á fjórða aldursári, foreldrum eru kynntar niðurstöður prófanna í foreldraviðtölum.

TRAS er skráning á málþroska ungra barna 2-5 ára

Hreyfiþroskapróf 4 ára

Hljóm-2 próf er gert á öllum 5 ára börnum.

Tove Krogh teikniverkefni 5 ára börn.

Stærðfræðikönnun 5 ára börn.

Börn á 2 aldursári eru ekki vakin í hvíldartíma leikskólans. Góður svefn er undirstaða vellíðunar barna.

Heimild vegna nema í vettvangsnámi

Já, ég veiti nemum í leikskólafræðum leyfi til þess að gera skráningar tengdar námi sínu.

Nei, ég veiti nemum í leikskólafræðum leyfi til þess að gera skráningar tengdar námi sínu

Heimild vegna skólamynda

Já ég undirrituð/aður forráðamaður heimila myndir af barninu, í leik og starfi í leikskólanum birtist á heimasíðu skólans og annarri útgáfu skólans.

Nei ég heimila ekki að myndir af barninu birtist á heimasíðu og útgáfu skólans.

Heimild vegna ferða í strætisvagni og rútu

Já ég undirrituð/aður forráðamaður heimila að barnið fari vegna vettvangsferða í rútu skv. gildandi öryggisreglum skólans.

Já ég undirrituð/aður forráðamaður heimila að barnið fari vegna vettvangsferða í einkabíl

Nei ég heimila ekki að barnið fari í einkabíl eða rútu á vegum leikskólans

✓ **Með undirritun á skjali þessu, skuldbinda foreldrar/forráðamenn sig til þess að virða ofangreinda skilmála og taka á sig þær fjárhagsskuldbindingar sem í samningnum felast.**

Athugasemdir:

Dagsetning

Undirskrift leikskólastjóra

Undirskrift foreldris / forráðamanns.